



Alena Jónsdóttir

MS verkefni:

Þróun lyfjaforms og lyfjagjöf gegnum húð við handaslitgigt.

Um höfund:

Alena flutti til landsins árið 2016 og árið 2021 útskrifaðist hún frá Menntaskólanum í Reykjavík af náttúrufræðibraut I. Eftir menntaskóla hóf hún nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Hún lauk svo BS prófi í lyfjafræði árið 2024 og lýkur

nú MS í lyfjafræði. Hún hóf störf í apóteki árið 2022 og hefur verið hjá sama fyrirtæki síðan. Samhliða náminu æfir hún og keppir í crossfit, bæði hérlendis og erlendis. Einnig vinnur Alena sem túlkur fyrir ýmsar stofnanir.

Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Handaslitgigt er algengur sjúkdómur sem veldur verkjum og skertri starfsemi í höndum. Staðbundin lyfjagjöf um húð er oft notuð við slíkum einkennum þar sem það getur veitt staðbundin lyfjaáhrif með minni hættu á kerfisbundnum aukaverkunum. Ysta lagið húðarinnar, myndar þó sterka hindrun sem takmarkar gegndræpi lyfja. Í þessu verkefni var því rannsakað gegndræpi tveggja virkra lyfjaefna, diklófenaks og ketókónasóls, með því að nota svínahúð sem ex vivo líkan. Franz diffusion frumur voru notaðar til að meta dreifingu lyfjanna í hornlagi húðarinnar. Auk þess voru þróuð gel til að kanna hvernig samsetning lyfjaformsins hefur áhrif á losun og gegndræpi. Sérstök áhersla var lögð á notkun kítósans sem er þekkt gegndræpisaukandi efni. Niðurstöður sýndu mælanlegt gegndræpi beggja lyfjaefna og bentu til þess að samsetning lyfjaforms geti haft áhrif á flutning lyfja í gegnum húð. Rannsóknin veitir aukinn skilning á lyfjaflutningi um húð og getur stutt við þróun bættra staðbundinna lyfjaforma í framtíðinni.